

**Tryggingastofnun ríkisins**

08 201

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Tryggingastofnun ríkisins  
kt. 660269-2669  
Laugavegi 114, 150 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns


Tryggingastofnun ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um almannatryggingar, laga um félagslega aðstoð og laga um málefni langveikra barna. Hlutverk stofnunarinnar er að framfylgja þessum lögum og kynna fyrir almenningi, hagsmunahópum og einstaklingum almenn og sértæk réttindi.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1499,7 milljónir og afkoma kr. 180,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 215,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 553,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. júní 2019  
Staður, dags.

  
Forstöðumaður  
staðgengill forstjóra


## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	1.452.100.000	1.182.692.865
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	31.734.012	49.036.283
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	15.846.460	13.604.550
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.499.680.472</b>	<b>1.245.333.698</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	898.024.701	858.480.454
Annar rekstrarkostnaður .....	6	405.552.477	348.475.100
Afskriftir .....	7	15.846.460	13.604.550
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.319.423.638</b>	<b>1.220.560.104</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>180.256.834</b>	<b>24.773.594</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(54.309)	(50.263)
		(54.309)	(50.263)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>180.202.525</b>	<b>24.723.331</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		164.702.525	9.226.731
Rekstrartilfærslur .....		15.500.000	15.496.600
		<b>180.202.525</b>	<b>24.723.331</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		127.542.931	45.847.100
Aðrar eignir .....		330.339	425.641
		<u>127.873.270</u>	<u>46.272.741</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>127.873.270</u>	<u>46.272.741</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	8	17.283.105	142.281.197
Tengdir aðilar .....	9	373.563.915	133.189.339
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	34.601.685	44.649.156
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>425.448.705</u>	<u>320.119.692</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>553.321.975</u>	<u>366.392.433</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		215.428.416	35.225.891
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>215.428.416</u>	<u>35.225.891</u>
<b>Skuldir</b>			
Lánastofnanir .....	12	44.657.803	93.807.699
Tengdir aðilar .....	9	1.788.438	958.806
Viðskiptaskuldir .....	13	112.616.796	97.770.884
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	107.504.241	92.356.412
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	71.326.281	46.272.741
<b>Skuldir samtals</b>		<u>337.893.559</u>	<u>331.166.542</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>553.321.975</u>	<u>366.392.433</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		180.202.525	24.723.331
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	15.846.460	13.604.550
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(15.846.460)	(13.604.550)
		<u>180.202.525</u>	<u>24.723.331</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		135.045.563	(183.793.500)
Tengdir aðilar .....		(239.544.944)	79.955.283
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(19.156.155)	78.850.294
		<u>(123.655.536)</u>	<u>(24.987.923)</u>
		<u>56.546.989</u>	<u>(264.592)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(97.446.989)	(11.307.135)
		<u>(97.446.989)</u>	<u>(11.307.135)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		40.900.000	11.307.135
		<u>40.900.000</u>	<u>11.307.135</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	(264.592)
		<u>0</u>	<u>264.592</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár%

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.



## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.493.000.000	1.194.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	(40.900.000)	(11.307.135)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.452.100.000	1.182.692.865
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	15.846.460	13.604.550
	<b>1.467.946.460</b>	<b>1.196.297.415</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum .....	1.226.900.000	15.500.000	0	1.242.400.000
Fjáraukalög .....	250.500.000	0	0	250.500.000
Launbætur .....	(4.600.000)	0	0	(4.600.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting .....	(40.900.000)	0	0	(40.900.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	4.700.000	0	0	4.700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.436.600.000</b>	<b>15.500.000</b>	<b>0</b>	<b>1.452.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(1.271.897.475)	0	0	(1.271.897.475)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>164.702.525</b>	<b>15.500.000</b>	<b>0</b>	<b>180.202.525</b>

	2018	2017
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	21.462.298	45.145.000
Veitinga- og gistinguþjónusta .....	5.281.237	3.455.054
Ýmsar tekjur .....	4.990.477	436.229
	<b>31.734.012</b>	<b>49.036.283</b>

<b>5 Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	717.360.180	694.088.405
Orlof, breyting .....	8.523.121	(3.719.218)
Launatengd gjöld .....	163.452.888	158.172.877
Starfsmannakostnaður .....	8.688.512	9.938.390
	<b>898.024.701</b>	<b>858.480.454</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	96,9	96,5

## Skýringar

	2018	2017	
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>			
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.430.743	3.591.735	
Ýmis tæki og áhöld .....	2.269.304	1.315.939	
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	112.658	121.176	
Orkugjafar .....	4.815.280	4.357.154	
Matvæli .....	12.516.278	10.719.800	
Almennar rekstrarvörur .....	829.405	1.027.338	
Vörukaup, almenn	21.973.668	21.133.142	
Fundir, námskeið, risna .....	12.172.851	5.005.457	
Ferðir, uppihald .....	9.989.175	3.398.653	
Akstur .....	420.335	753.828	
Sérfræðiþjónusta .....	229.549.761	196.562.293	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	6.288.293	5.533.874	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.304.313	5.363.825	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	13.266.731	19.405.732	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	276.991.459	236.023.662	
Samningsbundin kaup og leiga .....	3.773.779	3.480.026	
Afnotagjöld .....	43.218.140	35.559.729	
Leigugjöld .....	42.160.008	35.069.950	
Notkun véla og flutningatækja .....	70.360	206.280	
Verkkaup .....	17.019.713	16.801.012	
Áhættutap og bætur .....	224.900	197.899	
Opinber gjöld .....	113.850	0	
Tilfærslur .....	6.600	3.400	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	106.587.350	91.318.296	
Annar rekstrarkostnaður samtals	405.552.477	348.475.100	
	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	127.542.931	45.847.100	
Aðrar eignir .....	330.339	425.641	
	<b>127.873.270</b>	<b>46.272.741</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2018 .....	87.401.988	953.024	88.355.012
Viðbætur á árinu .....	97.446.989	0	97.446.989
	184.848.977	953.024	185.802.001
Afskriftir 1.1.2018 .....	41.554.888	527.383	42.082.271
Afskrift ársins .....	15.751.158	95.302	15.846.460
	57.306.046	622.685	57.928.731
Staða 31.12.2018 .....	127.542.931	330.339	127.873.270

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>8 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	17.283.105	142.281.197
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	0	0
	<u>17.283.105</u>	<u>142.281.197</u>
<b>9 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	275.331.951	19.684.717
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	8.231.534	23.504.192
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	90.000.430	90.000.430
	<u>373.563.915</u>	<u>133.189.339</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.788.438	958.806
	<u>1.788.438</u>	<u>958.806</u>
<b>10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	2.339.872	44.649.156
Skattar .....	32.261.813	0
	<u>34.601.685</u>	<u>44.649.156</u>
<b>11 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	35.225.891	(79.497.870)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	90.000.430
Afkoma ársins .....	180.202.525	24.723.331
Jöfnuður 31.12. ....	<u>215.428.416</u>	<u>35.225.891</u>
Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 90 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017		
<b>12 Skuldir við lánastofnanir</b>		
Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:		
Bankareikningslán .....	44.657.803	93.807.699
	<u>44.657.803</u>	<u>93.807.699</u>
	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>13 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	112.616.796	85.498.401
Viðskiptaskuldir í erlendra mynt .....	0	12.272.483
	<u>112.616.796</u>	<u>97.770.884</u>

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>14 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	94.804.333	86.281.212
Ógreidd laun .....	0	5.196.025
Önnur ógreidd gjöld .....	12.699.908	879.175
	<u>107.504.241</u>	<u>92.356.412</u>

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	127.873.270	46.272.741
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(56.546.989)	0
	<u>71.326.281</u>	<u>46.272.741</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	46.272.741	0	46.272.741
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	0	0
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....		40.900.000	40.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	97.446.989	(97.446.989)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(15.846.460)	0	(15.846.460)
	<u>127.873.270</u>	<u>(56.546.989)</u>	<u>71.326.281</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 28,1 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði allt til ársloka 2044 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu tveggja ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 75 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 3,6 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.